Fjölbrautaskóli Suðurlands

Haustönn 2022

# FATN1SX05

## Handmennt - Starfsbraut

| Kennari: | Guðbjörg Bergsveinsdóttir | Sk.st. | GB |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**

Áhersla er lögð á þjálfun í mismunandi vinnubrögðum í tengslum við handmennt s.s. notkun saumavélar, útsaum, prjónaskap og fleira. Er þjálfunin tengd við aukna færni í fínhreyfingum og samhæfingu. Nemendur fá tækifæri til að auka færni sína á afmörkuðum sviðum innan greinarinnar sem getur nýst í daglegu lífi, tómstundum eða á vinnustað. Áhersla er lögð á að efla sjálfsöryggi, hugmyndaflug, sköpunar- og vinnugleði nemandans. Viðfangsefnin eru miðuð við getu og þroska hvers nemanda.

**Undanfari:** Enginn

**Þekkingarviðmið:**

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- hagnýtum vinnubrögðum sem nýtast honum í leik og starfi.
- einföldum prjónaaðferðum, útsaumi, notkun saumavélar o.fl.
- vandvirkni við frágang.
- mikilvægi þess að geta haft ofan af fyrir sjálfum sér.

**Leikniviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- hagnýtum vinnubrögðum tengdum ýmsu handverki.
- fara eftir uppskriftum við mismunandi handaverk.
- fara eftir einföldu sniði til fatagerðar.
- ganga frá verkefnum (lokafrágangur).
- stytta sér stundir við ýmiss konar handverk.

**Hæfniviðmið:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hafa ofan af fyrir sér með mismunandi handverk, sem metið er með leiðsagnarmati.
- vinna sjálfstætt ýmist handverk við hæfi, sem metið er með virkni í kennslustundum
- velja verkefni við sitt hæfi, sem metið er með virkni í kennslustundum og leiðsagnarmati.
- ganga snyrtilega frá verkefnum, fela enda o.frv., sem metið er með verklegum æfingum.

**Námsefni:**

Blöð og bækur sem tengjast ýmiskonar hönnun og handverki

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

Dæmi:

| **Vika nr** | **Dagsetning** | **Námsefni - viðfangsefni** | **Próf og verkefni** |
|---|---|---|---|
| 33 | 22.ágú | Kynning og skipulag | |
| 34 - 3<br>4 - 18<br>5 - 18 | 23.ágú-2.sept<br>5.sept-29.nóv<br>16.sept-29.nóv | Eigið handverk ákveðið og undirbúið. A.m.k. einn hlutur framleiddur og fullunninn<br>Samtal um möguleika, áhuga og framkvæmd | Skissa af eigin handverki, merkt og skýrt m stikkorðum |

**Sérreglur áfangans:**

1. Hver nemandi skal halda vinnumöppu og körfu utan um verkefni sín. Nemandi taki þátt í því að skipta persónulegri kennslu á milli sín á annarra nemenda, þ.e. að vinna sjálfstætt í vinnumöppu á meðan beðið er eftir aðstoð kennara.
2. Efnisgjald skal greiðast á skrifstofu skólans. Nemandi fær efni í vinnumöppu og einfalda nytjahluti úr textíl, ásamt afnotum af öllum tækjum, áhöldum og efnivið sem Hönnunardeild FSu hefur yfir að ráða.

**Fyrirkomulag námsmats:**

Dæmi:

| **Námsþáttur** | **Lýsing á námsmati** | **Vægi** |
|---|---|---|
| Símat | Símat í samstarfi nemenda og kennara. Leiðsagnarmat haft til hliðsjónar. | 30% |
| Mæting og virkni | Nýting tímans metin með því að halda dagbók hópsins | 70% |

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**